

REGLUR

um gagnaskil fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna út eiginfjárgrunn, eiginfjárkröfur, stórar áhættuskuldbindingar, vogunarhlutfall, lausafjárhlutfall og hlutfall stöðugrar fjármögnunar í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr.

Tíðni og form gagnaskila fjármálafyrirtækja.

Fjármálafyrirtæki, sem skylt er að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja nr. 233/2017, skal skila gögnum á því formi sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451, sbr. 3. gr. Gögnum skal skila með þeirri tíðni sem tilgreind er í reglugerðinni.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með vísan til 2. gr. öðlast gildi hér á landi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 frá 17. desember 2020, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar gagnaskil fjármálafyrirtækja til eftirlitsstofnana, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/451 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union): <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R0451>, birt í OJ deild L nr. 97, þann 19. mars 2021, bls. 1-1955.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í a-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 665/2021.

Seðlabanka Íslands, 25. júní 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri.